

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fljótsdalshérað Tjarnarland



Dags eftirlits	8.9.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Fljótsdalshérað	Eftirlitsmaður	
Heimili	Lyngási 12	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4810043220	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Freyr Ævarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Kristján Eysteinnsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit á urðunarstað Múlaþings að Tjarnarlandi. Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Múlaþings að Tjarnarlandi. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Umfangs starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Verkstjórn og takmörkun aðgangs (gr. 2.3)
3. Móttaka og skráning úrgangs (gr. 3.2)
4. Varnir gegn foki úrgangsefna (gr. 3.4)
5. Daglegur frágangur urðunarreina (gr. 3.10)
6. Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlits
7. Skoðunarferð
8. Önnur mál

Á urðunarstaðnum að Tjarnarlandi er urðaður úrgangur úr Múlaþingi og Fljótsdalshrepp. Verktaki sér um urðunina fyrir hönd rekstraraðila og er urðað eftir þörfum. Gætt er að vindstyrk við urðun úrgangs til að draga megi sem mest úr foki úrgangsefna. Gengið er frá gryfjum með reglubundnum hætti.

Rætt var áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlits. Urðunarstaðurinn er nú í áhættuflokki B með reglubundið eftirlit einu sinni ári.

Farið var í skoðunarferð á urðunarstaðinn. Urðunarstaðurinn er allur snyrtilegur og skipulagður. Kannaðar voru aðstæður í skurði neðan urðunarstaðarins þar sem mæla á samsetningu yfirborðvatns en skurðurinn er þurr og hefur verið að undaförnu vegna mikilla þurrka á svæðinu.

Með bréfi dags 16. ágúst sl. samþykkti Umhverfisstofnun ósk rekstraraðila að dregið yrði úr tíðni eftirlitsmælinga í Lagarfljóti, sbr. gr. 5.2 í starfsleyfi. Tíðni mælinga er nú annað hvert ár, næsta mæling fyrir 1. október 2022.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 21.09.2021

Sigríður Magnúsdóttir